

Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi

Svæðisskráning og vettvangskönnun
vegna deiliskipulags á reit Hvols

Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon, Rúna K. Tetzschner



6

Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi

Svæðisskráning og vettvangskönnun
vegna deiliskipulags á reit Hvols

Guðmundur Ólafsson
Kristinn Magnússon
Rúna K. Tetzschner



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Mynd á forsiðu: Loftmynd af heimasíðu Bessastaðahrepps sem sýnir deiliskipulagssvæðið hjá Hvoli.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson/Kristinn Magnússon/Rúna Tetzschner.
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Fornleifaskráning - Svæðisskráning	7
Aðferð við skráningu	7
Jarðanúmer	7
Tegund, hlutverk og heiti	7
Heimildir	7
Svæðisskráning fornleifa í landi Breiðabólstaða	8
Breiðabólstaðir - 123223-209	8
Saga	8
Náttúrufar og jarðabætur	8
Örnefni	9
Heimildaskrá	9
Fornleifaskrá – Breiðabólstaðir	9
Breiðabólstaðir - 123223-209-1 Bústaður	9
Breiðabólstaðir - 123223-209-2 Bústaður	10
Breiðabólstaðir - 123223-209-3 Fiskbyrgi	11
Breiðabólstaðir - 123223-209-4 Fiskbyrgi	11
Breiðabólstaðir - 123223-209-5 Fiskhjallur	11
Breiðabólstaðir - 123223-209-6 Fjós	11
Breiðabólstaðir - 123223-209-7 Útihús	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-8 Útihús	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-9 Garður	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-10 Garður	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-11 Garður	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-12 Þjóðsaga	12
Breiðabólstaðir - 123223-209-13 Brunnur	14
Breiðabólstaðir - 123223-209-14 Leið	14
Breiðabólstaðir - 123223-209-15 Túngarður	14
Breiðabólstaðir - 123223-209-16 Traðir	15
Breiðabólstaðir - 123223-209-17 Leikvöllur	14
Breiðabólstaðir - 123223-209-18 Uppsátur	15
Breiðabólstaðir - 123223-209-19 Uppsátur	16
Breiðabólstaðir - 123223-209-20 Býli	16
Breiðabólstaðir - 123223-209-21 Útihús	16
Breiðabólstaðir - 123223-209-22 Bústaður	17
Breiðabólstaðir - 123223-209-23 Óþekkt	17

Breiðabólstaðir - 123223-209-24 Stekkur	17
Breiðabólstaðir - 123223-209-25 Þjóðsaga	17
Breiðabólstaðir - 123223-209-26 Fiskvinnsla	17
Breiðabólstaðir - 123223-209-27 Lending	17
Breiðabólstaðir - 123223-209-28 Brú	18
Breiðabólstaðir - 123223-209-29 Landamerki	19
Vettvangskönnun	19
Niðurstaða	19
Skipulagskort	20

Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi

Svæðisskráning og vettvangskönnun vegna deiliskipulags á reit Hvols

Guðmundur Ólafsson
Kristinn Magnússon
Rúna K. Tetzschner

Inngangur

Árni Þór Helgason arkitekt hefur unnið tillögu að deiliskipulagi á reit Hvols í landi Breiðabólstaða í Bessastaðahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu þriggja einbýlishúsa. Til skoðunar er að byggja allt að 32 einbýlishús á svæðinu.

Gunnar Valur Gíslason sveitastjóri Bessastaðahrepps óskaði eftir því við Þjóðminjasafn Íslands að safnið veitti umsögn um áður nefnda tillögu. Í svari safnsins, sem sent var í tölvupósti 14. sept. 2001, kemur fram að nauðsynlegt sé að nákvæm skráning fornleifa fari fram á skipulagssvæðinu til að safnið geti veitt umbeðna umsögn. Sveitastjórinn fór þá fram á það við Þjóðminjasafnið að það skráði fornleifar á skipulagsreitnum.

Heimilda var leitað um minjar á jörðinni í eftirtöldum ritum: Fasteignabók frá 1932; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna, Bessastaðahreppi, Garðahreppi, Hafnarfirði og Hraunum, eftir Gísla Sigurðsson frá 1964; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns; Jarðatal á Íslandi eftir J. Johnsen frá 1847; Landamerkjaskrá nr. 33 fyrir Breiðabólstaði í Bessastaðahreppi frá 1887; Ný Jarðabók fyrir Ísland frá 1861 og Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum skráðar af Jóni Thorarensen.

Þar með er svokallaðri svæðisskráningu fyrir Breiðabólstaði lokið og er hún prentuð í þessari skýrslu. Svæðisskráning er fyrsta stig fornleifaskráningar og felst í því að safnað er saman heimildum um fornleifar og vísbendingum úr rituðum heimildum um hvar fornleifar kunni að

finnast. Svæðisskráning er mikilvægur undirbúningur fyrir vettvangsvinnu síðar, en þar sem fornleifa er ekki leitað á vettvangi og þær ekki staðsettar á korti kemur hún aldrei í staðinn fyrir nákvæmari úttekt á vettvangi, enda er það ekki tilgangur hennar.

Í sambandi við deiliskipulag er heimildarvinna svæðisskráningar lögð til grundvallar ýtarlegri fornleifaskráningu, svonefndri deiliskráningu. Þá er kannað á vettvangi hvort einhverjar minjar séu sýnilegar. Finnist minjar á svæðinu eru þær mældar upp og teiknaðar.

Vettvangskönnun vegna deiliskipulags á reit Hvols fór fram í kjölfar svæðisskráningarinnar og birtast niðurstöður hennar í lok skýrslunnar.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sjá 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun þjóðminjayfirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr.).

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt.

Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi vikja og þá með hvaða skilmálum (sjá 12. gr. þjml.). Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning - Svæðisskráning

Í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands eru minjarnar skráðar í skráningarkerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (Breiðabólstaðir – 123223) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (209). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan

hverrar jarðar fyrir sig; bærinn á Breiðabólstaðum er nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Breiðabólstaðir – 123223-209-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa.

Svæðisskráning fornleifa í landi Breiðabólstaða

Breiðabólstaðir - 123223-209

Saga

„Breidabolstadir“ voru meðal jarða sem Þorvarður Erlendsson hafði til kaups við brúðkaup þeirra Kristínar Gottskálksdóttur og eru nefndir í kaupmálabréfi hjónanna árið 1508 (Ísl. fbrs. VIII: 230). Skv. Jarðabók var „Breidabolstadur“ hins vegar kominn í konungseign árið 1703, ábúandi þá Guðlaugur Grímsson og 11 menn í heimili (bls. 215). Þegar Manntal var tekið 1801 skiptist jörðin milli Þorbjarnar Magnússonar en hjá honum voru fjórir heimilismenn og Magnússar Vilhjálmssonar með sex heimilismenn. Auk þeirra bjuggu þar tveir jarðnæðislausir húsmenn, Jón Bjarnason í fjögurra manna fjölskyldu og Jón Árnason ásamt konu sinni Ásdísi Jónsdóttur. (Bl. 368). Þorbjörn og Magnús bjuggu skv. Manntali enn á jörðinni árið 1816, heimilismenn hjá þeim fyrrnefnda orðnir sex en hjá þeim síðarnefnda sjö (bls. 414). Í Manntalinu 1845 er Þórður Þórðarson bóndi tilgreindur sem ábúandi og hafði átta manns í heimili, en auk hans eru nefndir þrír fiskarar, Jón Magnússon ásamt konu og niðursetningi, Einar Jónsson ásamt konu og þremur börnum og Jón Alexíusson ásamt konu og fósturbarni og vefara með konu og dóttur (bls. 421-2). Þegar Jarðatal var tekið árið 1847 var „Breiðabólstaður“ aftur orðinn bændaeygn og bjó eigandinn sjálfur á jörðinni (bls. 93). „Breiðabólstaðir“ eru einnig nefndir í Jarðabók 1861 (bls. 39). Skv. Endurminningum Erlends Björnssonar frá 1945 voru þar síðan tveir ábúendur og hefur faðir hans Björn Björnsson (1814-1879) að líkindum keypt hálfa jörðina af Þórði og bjó þar ásamt konu sinni Oddnýju Hjörleifsdóttur (1838-1901) en hún lifði lengi eftir mann sinn. Jörðin var áfram í eigu fjölskyldunnar. Á hinum helmingi Breiðabólstaða bjuggu Erlendur Erlendsson hreppstjóri og kona hans Þuríður Jónsdóttir, a.m.k. frá 1884 en þá reisti Erlendur nýtt hús (nr. 1). (Bl. 15, 18-19, 24). Í Fasteignabókum kemur fram að á jörðinni er sjálfabúð árin 1932 (bls. 24) og 1942-4 (bls. 81).

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðardýrleiki var óviss árið 1703 en 63 álna landskuld greidd með þremur vættum og einum

fjórðungi fiska í kaupstað, áður til Bessastaða. Leigukúgildi voru tvö og guldust í smjöri til Bessastaða. Kvaðir voru mannlán um vertíð, einn hríshestur og dagsláttur og verkamaðurinn í fæði hjá ábúanda, hest- og mannlán í einn dag til að færa mó af þerrivelli heim í hús á Bessastöðum og mannlán í Elliðaár þrisvar á ári. Fjórðum til fimm sinnum í viku bar ábúanda svo að flytja fólk yfir Skerjafjörð frá Bessastöðum til Sel-tjarnarness, Viðeyjar og þar um kring og varð þá að leggja til bæði bát og menn. Loks lagði hann sjálfur við til húsabótar. Í bústofni Guðlaugs voru fjórar kýr, 28 ær, einn tvevetra sauður og 12 veturgamlir, 10 lömb, einn hestur, eitt hross og eitt folald en fóðrast gátu fjórar kýr. Jörðin hafði selstöðu í Norðurhellrum fyrir ofan Álftanes og sölvafröu í Lönguskerjum í Skerjafirði. Á Breiðabólstöðum var var heimræði árið um kring. Árið 1847 taldist dýrleiki jarðarinnar 20 5/6 hundruð en landskuldin 0,62 1/2. Kúgildi voru tvö. 1861 var jörðin 12,8 ný hundruð. Í tíð foreldra Erlends Björnssonar og nafna hans, hreppstjórans voru „tvær kýr á hvoru býli og nokkrar kindur og tíu hross yfir báða bæina.“ (bls. 25). Árið 1932 var jörðin metin á 252 hundruð krónur með húsakosti. Þá voru þar 7,5 kúgildi, 60 sauðir og eitt hross. Úr matjurtagörðum, sem við gerð Túnakorts 1917 voru alls 2100 m³ en 1932 orðnir 2800,4 m³, fengust um 87 tonn á ári og jörðin hafði hrognkelsaveiði og útræði. Jarðarmatið var nánast óbreytt 1942-4 eða 253 hundruð krónur en í bústofninum voru þá 18 nautgripir, 50 sauðir og eitt hross og afrakstur garðanna um 100 tonn. Auk fyrrgreindra hlunninda hafði jörðin reka.

Breiðabólstaðatún mældist um 3 ha árið 1917, að mestu slétt og sléttað. 1932 hafði það stækkað í 6 ha og fengust af því 306 hestar í töðu en 1942-4 fengust 655 hestar. Túnið skiptist í nokkra skika sem greint er frá í Örnefnalýsingu 1977: Vestan megin næst Akrakotsgarði var kallað Heimatún. „Það náði heiman frá húsi og suður að túngarði. Útfæringur var [...] meðfram öllu Heimatúni og hafði túngarðurinn verið færður þar út. Austurtún lá fyrir austan Heimatún og hafði einhvern tímann verið byrjað að hlaða grjótgarð á milli þeirra, en því verið hætt. Í Austurtúni var einnig

Útfæringur með sama hætti og í Heimatúni. Samslægja heitir lítill blettur sunnan við Breiðabólstaðatjörn, fast norðan við gripahúsin á Breiðabólssstöðum. Var þetta óskiptur blettur, sem bændurnir á Breiðabólssstöðum slógu í félagi og skiptu á milli sín." (Bl. 10).

Í Landamerkjaskrá Breiðabólstaða frá 1887 segir: „Land jarðarinnar er umflotið af sjó að norðan og austan, en að sunnan aðskilur Breiðabólstaðaland frá Bessastaðalandi tjörn sem sjór fellur inn í með hverju aðfalli, að vestanverðu er grjótgarðsbrot sem skilur Akrakotstúnið frá Breiðabólstaðatúninu þessi grjótgarður liggur frá brunninum (vatnsbólínu) og suður í túngarð og úr suðurenda þessa grjótgarðs eru landamerki í beina stefnu suður á dingjufjall suður í skurð sem skilur Eyvindarstaðarland frá Breiðabólssstöðum, úr norðurenda á nefndum grjótgarði liggja merkin rjett fyrir vestan brunninn og norður í sjó þó ekki beint en koma til sjóar rjett fyrir vestan hina svokölluðu Akrakotsvör, á nefndri vör sem er á Breiðabólssstaðalandi á Akrakotið fría lendingu og uppsátur fyrir allan sinn útveg, skógarhögg á jörðin að litlum deil suður í almenningi.“

Örnefni

Nokkuð er á reiki í heimildum hvort jarðarheitið Breiðabólstaðir sé ritað í eintölu eða fleirtölu eða með einu eða tveimur essum. Í fornbréfasafni, sem er elsta heimild um bæinn, heitir hann Breiðabólstaðir. Í jarðabókinni 1703 er talað um Breiðabólstað í eintölu. Kemur sú mynd fyrir t.d. á korti Björns Gunnlaugssonar og hjá Fasteignamati ríkisins er jörðin skráð sem Breiðabólstaður. Í örnefnaskrá er nafn bæjarins ýmist skráð Breiðabólstaðir eða Breiðabólssstaðir.

Flestir bæir með þessu nafni hér á landi hafa eintölumyndina Breiðabólstaður og myndar orðið *bólstaður* upphaflega seinni liðinn. Á Álftanesi hefur nafnið líklega fengið fleirtölu myndina Breiðabólstaðir eða Breiðabólssstaðir, fyrir áhrif frá hinum fjölmörgu íslensku bæjanöfnum þar sem seinni liðurinn er myndaður með orðinu *staðir* í fleirtölu, t.d. Bessastaðir, Eyvindarstaðir og Bjarnastaðir.

Í þessari skýrslu hefur verið valin sú leið, í samráði við Örnefnastofnun, að nota elstu þekktu orðmyndina – Breiðabólstaðir – en halda öðrum rithætti þar sem hann kemur fyrir í beinni tilvitnun.

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932. Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 3, 6. jan. 1938. 1942-1944.

Íslenskt fornbréfasafn VII 1551-1567. 1906-1913.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. 1923.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847.*

Landamerkjaskrá nr. 33 fyrir Breiðabólssstaði í Bessastaðahreppi. Undirritað 26. apríl 1887, lesið á manntalsþingi 6. júní sama ár. 1887.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.

Peder Gammeltoft. *The place-name element bólstaðr in the North Atlantic area.* Copenhagen 2001. *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945.*

Örnefnaskrár. Örnefnaskrá Gísla Sigurðssonar er til í tveimur gerðum sem í umfjöllun við fornleifaskráningu hér eru kallaðar A og B í samræmi við möppur Örnefnastofnunar þar sem þær eru geymdar.

Fornleifaskrá – Breiðabólstaðir

Breiðabólstaðir - 123223-209-1 Bústaður

Sérheiti: Austurbær

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1917 sést bæjastæði Breiðabólstaða, norðaustarlega í túninu og er tjörn austan við það en sjórinn nokkru norðan þess. Skv. Örnefnaskrá 1964 voru Breiðabólstaðabæirnir „norðarlega í túninu, spölkorn frá sjávarkampinum. Þar var löngum tvíbýli og er enn“, Austurbær og Vesturbær (nr. 2), sem „stóðu saman með sameiginlega stétt og hlið og húsagarð [...]“ (Bbst. A/B6, Bt. B509 /A525-6). Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Breiðabólssstaðir voru nyrzta býlið í Bessastaðahreppi. Erlendur Erlendsson, bóndi á Breiðabólssstöðum reisti hús það er enn stendur á jörðinni - árið 1884.“ (Bl. 2). Skv. Endurminningum Erlends Björnssonar frá 1945 voru Breiðabólstaðir grasbýli og bjó nafni hans á hálfri jörðinni ásamt konu sinni Þuríði Jónsdóttur. (Bl. 19, 24).

Túnakortið sýnir tvær stærri byggingar og er sú eystri e.t.v. Austurbærinn. Hún skiptist í fjögur hólf og sýnist byggð úr steini eða timbri. Hús Erlends er skv. Örnefnalýsingu „hlaðið úr höggnum steini og límt með kalksandi. Húsið Grund er áfast við gamla steinhúsið. [...] Eyrarhús var við Seyluna, [...] fisktökuhús [...] rifið um 1884 og viðirnir notaðir í steinhúsið á Breiðabólssstöðum.” (Bls. 2, 7). Í Endurminningum sínum frá 1945 er Erlendur Björnsson með ýtarlegri lýsingu: „Skal nú lýst stóru sjávarheimili, eins og það var á vetrarvertíð, og nefni ég þá heimili Erlends Erlendssonar, hreppstjóra á Breiðabólssstöðum, sem bjó á móti móður minni. Hann bjó í stóru steinhúsi sem hann byggði árið 1884. Það er fjórtán álnir á lengd, en níu álnir á breidd með kjallara og portbyggt. Á vertíðum voru fjörutíu manns í húsi þessu. Húsið var byggt úr klofnu og höggnu grjóti, sem tekið var víðsvegar í landareigninni. Grjótið var klofið þar, sem það var, og allt borið heim á tveggja og fjöggra manna börum, en höggvið og lagað betur heima. Veggirnir voru tvöfaldir og loft á milli, og yfir gluggum og dyrum voru drangar svo langir, að þeir náðu alveg yfir. Er hús þetta að öllu leyti ágætt enn í dag. Timbur allt og þak í húsi Erlends var komið úr gríðarstóru salthúsi og fiskhúsi, er stóð fyrrum á Eyrinni niðri við Seyluna í landareign Breiðabólssstaða. Siemensverzlun átti þetta hús fyrst. Á vorin kom skip inn á Seyluna með salt, er skipað var upp í þetta hús, en seinni part sumars seldu bændur verkaðan og þurrkaðan saltfisk kaupmanni þeim, er átti þetta hús, og fluttu fiskinn í það. Kaupmaður sá, er verzlaði þarna síðast, hét G. E. Unbehagen, og átti hann þetta gríðarmikla hús.

Á haustin kom svo skip til þess að sækja fiskinn. Þessi Unbehagen kaupmaður, sem var þýzkur, seldi svo Erlendi þetta hús fyrir fjögur hundruð krónur. Salthús þetta var að minnsta kosti tuttugu álnir á lengd og tólf álnir á breidd, allt byggt úr framúrskarandi góðu timbri með timburpaki og allt lagt með hellu. Var timbrið og hellan notað í hús Erlends.

Í kjallaranum í húsi Erlends voru þrjú herbergi, búr, eldhús og sjómanskáli, sem var helmingur kjallarans. Voru þar tuttugu manns. Á hæðinni fyrir ofan voru þrjú herbergi, stofa fyrir gesti kvennaherbergi, - voru þar átta konur, - svo var helmingurinn af hæðinni kallaður baðstofa, og voru þar húsbændur og heimafólk, fjórtán manns. Var þar unnin ullarvinna og hampvinna

á vetrum. Þar var líka vefstóll. Í þessari baðstofu gengu sjö rokkar í landlegum og á kvöldvökum. Uppi á loftinu var geymsla.” (Bls. 60-61). (Eyrarhús sjá nr. 26).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólssstaðir nr. A/B6, Bæjatal nr. A524-6 / B509.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólssstaða og Akvakots 1977.

1945, Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum skráðar af Jóni Thorarensen.

Uppdráttur af túni Breiðabólssstaða og Akvakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-2 Bústaður

Sérheiti: Vesturbær

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1917 sést bæjastæði Breiðabólssstaða, norðaustarlega í túninu og er tjörn austan við það en sjórinn nokkru norðan þess. Skv. Örnefnaskrá 1964 voru Breiðabólssstaðabæirnir „norðarlega í túninu, spölkorn frá sjávarkampinum. Þar var löngum tvíbýli og er enn”, Vesturbær og Austurbær (nr. 1), sem „stóðu saman með sameiginlega stétt og hlið og húsagarð [...]” (Bbst. A/B6, Bt. B509 / A525-6). Þar var grasbýli að sögn Erlends Björnssonar í Sjósókn 1945. Keypti faðir hans hans Björn Björnson (1814-1879) hálfu Breiðabólssstaði en ekkja hans, Oddný Hjörleifsdóttir (1838-1901) bjó þar uns hún lést 1901. (Bls.15, 18, 24).

Túnakortið sýnir tvær stærri byggingar og er sú vestari e.t.v. Vesturbærinn. Hann skiptist í þrjú hólf og sýnist byggður úr steini eða timbri.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólssstaðir nr. A/B6, Bæjatal nr. A524-6 / B509.

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum skráðar af Jóni Thorarensen.

1945. Uppdráttur af túni Breiðabólssstaða og Akvakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-3 Fiskbyrgi**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í Sjósókn 1945 segir í umfjöllun um búskap Erlends Erlendssonar: „Niðri við sjóinn voru tvö fiskhús, sem notuð voru einnig til saltgeymslu. Vermenn söltuðu fisk sinn í grjótbyrgjum.” (Bls. 61). Þessi hús sjást ekki á Túnakorti 1917. (Hitt fiskhúsið sjá nr. 4).

Í Sjósókn segir enn fremur: „Fyrst framan af herti Erlendur allan smáfisk og stórýsu, en málsfiskur allur var saltaður.

Til soðningar var hafður smáfiskur og hausar, lifur og kútmagar og svo hrognkelsi, er leið á vetur.

Ég man eftir því, að Erlendur átti einu sinni á þriðja hundrað skipfund af verkuðum og þurrkuðum saltfiski, og þótti slíkt mikið.

Minnist ég þess, að verðið á skipfundum af verk- uðum og þurrkuðum þorski var frá fjörutíu og allt að sjötíu krónum. Þó kom fyrir einu sinni, - man ég, - að verðið var þrjátíu og fimm krónur.

Allur fiskur, sem var allt að átján þumlungar frá hnacka til síðasta liðar á sporði, var hertur. Og mun Erlendur, að minnsta kosti framan af bú- skapnum, hafa átt stundum eftir árið fimmtíu vættir af harðfiski. Var hann svo að segja allur seldur upp til sveita, og var verðið tveir fjórð- ungar smjörs fyrir vættina.

Grásleppan var ýmist söltuð eða hert og seld í hundraðatali. Eitt hundrað af saltaðri og þurrka- aðri grásleppu var selt fyrir níu pund smjörs, en hundraðið af þeirri visuðu fyrir sex pund smjörs. Væri tólg tekin fyrir sjávarafurðir, þá fékk út- vegsbóndi fyrir vætt af harðfiski fjóra fjórðunga tólgar og fyrir hundraðið af saltgrásleppu átján pund tólgar, en fyrir visað hundrað tólf pund. Rauðmagi var seldur í kaupstaðina fyrir tuttugu og fimm aura bandið, reyktur.” (Bls. 61-3).

Heimildaskrá

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akarakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-4 Fiskbyrgi**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í Sjósókn 1945 segir í umfjöllun um búskap Er- lends Erlendssonar: „Niðri við sjóinn voru tvö fiskhús, sem notuð voru einnig til saltgeymslu. Vermenn söltuðu fisk sinn í grjótbyrgjum.” (Bls. 61). Þessi hús sjást ekki á Túnakorti 1917. (Hitt fiskhúsið sjá nr. 3).

Heimildaskrá

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akarakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-5 Fiskhjallur**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti 1917 sést útihús nokkru sunnan Austurbæjarins (nr. 1). Húsið sýnist úr timbri eða steini og gæti verið hjallur sem í Sjósókn Erlends Björnssonar 1945 er sagður vera heima við bæ nafna hans Erlendssonar: „stór fiskhjallur með lofti, er var læst, en rimlaveggi á hliðum”. (Bls. 61). Sjá nánar nr. 3.

Heimildaskrá

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945.

Breiðabólstaðir - 123223-209-6 Fjós**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Túnakorti 1917 er útihús nokkru norðaustan Austurbæjarins (nr. 1). Húsið er stórt og aflangt, líklega úr steini og hefur stefnuna norðvestur- suðaustur, e.t.v. hús sem nefnt er í Sjósókn 1945 í umfjöllun um búskap Erlends Erlendssonar: „Heima var fjós og heyhlaða [...]” (Bls. 61).

Heimildaskrá

1945, Sjósókn. Endurminningar Erlends Björns- sonar, Breiðabólstöðum skráðar af Jóni Thor- arensen.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akarakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-7 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti 1917 er stórt útihús rétt vestan Vesturbæjarins (nr. 2), líklega úr steini eða timbri.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-8 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti 1917 er útihús nokkru norðvestan Vesturbæjarins (nr. 2). Húsið er stórt og aflangt, skiptist í tvö hólfi og er líklega byggt úr steini eða timbri. Það hefur stefnuna suðaustur-norð-vestur.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-9 Garður**Sérheiti: Heimagarður****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Túnakorti 1917 liggja kálgarðar kringum bæjahúsin (nr. 1-2 og 5-7), annar austur og er hann e.t.v. nefndur í Örnefnalýsingu 1977: „Kálgarðar voru heima við húsið, Heimagarður austan þess [...]” (bls. 10). (Hinn garðurinn sjá nr. 10). Garðarnir eru umgirtir veggjum hlöðnum úr grjóti eða torfi. Austan megin falla þeir saman við túngarð (nr. 15) Breiðabólstaðar.

Aðrar upplýsingar

Skv. Túnakorti voru matjurtagarðar Breiðabólstaða alls 2100 m³ árið 1917 og voru skv. Fasteignabók orðnir 2800,4 m³ 1932. Fengust þá úr þeim um 87 tonnur garðávaxta (bls. 24) en 100 tonnur árin 1942-4 (bls. 81).

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 3, 6. jan. 1938. 1942-1944.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-10 Garður**Sérheiti: Hróbjartsgarður****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Túnakorti 1917 liggja kálgarðar kringum bæjahúsin (nr. 1-2, 5-7), annar vestar og er hann e.t.v. nefndur í Örnefnalýsingu 1977: „Kálgarðar voru heima við húsið, Heimagarður austan þess og Hróbjartsgarður vestan þess. Hann var kenndur við Hróbjart Sigurðsson, bónda á Breiðabólstaðum.” (Bl. 10). (Heimagarður sjá nr. 9).

Garðarnir eru umgirtir veggjum hlöðnum úr grjóti eða torfi. Austan megin falla þeir saman við túngarð (nr. 15) Breiðabólstaða. Sbr. nr. 9.

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-11 Garður**Sérheiti: Sandgarður****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti 1917 er kálgarður norðan bæjastæðisins (nr. 1-2, 5-10), e.t.v. svo nefndur Sandgarður sem skv. Örnefnalýsingu 1977 „var niður við sjó, nokkurn veginn beint niður af íbúðarhúsinu” (bls. 10).

Garðurinn er umgirtur veggjum hlöðnum úr grjóti eða torfi og liggur austurveggurinn utan í túngarðinum (nr. 15). Hann hefur stefnuna norður-suður. Rétt vestan hans er blettur með óræktuðum túnbletti eða garði, einnig umgirtur hlöðnum veggjum. Sbr. nr. 9.


Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-12 Þjóðsaga**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í Örnefnalýsingu 1977 segir: Í Breiðabólstaðatúni



Mynd 1. Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

var kallað Heimatún „næst Akrakotsgarði. Það náði heiman frá húsi og suður að túngarði. [...] Suður af Heimatúni [...] er hár steinn. Þegar Erlendur Erlendsson byggði gamla íbúðarhúsið ætlaði hann að láta kljúfa þennan stein og var byrjaður á því um kvöld. Voru reknir fleygar í steininn og klofin smá flaga ofan af honum, en síðan gengið frá vegna myrkurs. Um kvöldið, þegar fólki var litið til steinsins, sást ljós loga á honum og var þá hætt við að kljúfa hann. Steinn þessi heitir ekkert sérstakt.“ (Bls. 10-11).

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-13 Brunnur

Sérheiti: Brunnurinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá 1887 segir: „að vestanverðu er grjótgarðsbrot sem skilur Akrakotstúnið frá Breiðabólstaðatúninu þessi grjótgarður liggur frá brunninum (vatnsbólínu) og suður í túngarð [...] úr norðurenda á nefndum grjótgarði liggja merkin rjett fyrir vestan brunninn og norður í sjó [...]“ Á Túnakortinu 1917 er brunnur nokkru vestan bæjanna, þar sem Breiðabólstaðatún mætir Akrakotstúni. Hann er einnig nefndur bæði í Örnefnaskrá 1964 (A/B23) og Örnefnalýsingu 1977: „Brunnur var í túninu, suðvestur frá bænum. Hann var á mörkum milli Breiðabólstaða og Akrakots - þó Breiðabólstaðamegin við merkin.

Brunngata lá frá honum til bæjar. Nú er komin vatnsveita og Brunnurinn aflagður.“ (Bls. 3). (Brunngata sjá nr. 14).

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók 1703 segir: „Vatn þrýtur í stórum frostavetrum og verður þá á aðra bæi vatn að sækja.“ (Bls. 216). Skv. Fasteignabók er komin vatnsveita á Breiðabólstaði árið 1932 (bls. 24).

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. 1923.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B23.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Landamerkjaskrá nr. 33 fyrir Breiðabólstaði í Bessastaðahreppi. 1887. Undirritað 26. apríl 1887, lesið á manntalsþingi 6. júní sama ár.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-14 Leið

Sérheiti: Brunngatan

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnaskrá 1964 lá Brunngatan „frá Brunninum heim til bæjar“ (A24). Hún er einnig nefnd í Örnefnalýsingu 1977 (bls. 3) en sést ekki á Túnakorti 1917. (Brunnurinn sjá nr. 13).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B24.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akrakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-15 Túngarður

Sérheiti: Breiðabólstaðatúngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Minnst er á túngarðsbrot við Breiðabólstaði þegar í Landamerkjaskrá 1887: „[...] að vestanverðu er grjótgarðsbrot sem skilur Akrakotstúnið frá Breiðabólstaðatúninu þessi grjótgarður liggur frá brunninum (vatnsbólínu) og suður í túngarð [...]“ Á Túnakorti 1917 má sjá að mestallt túnið er umgirt grjót- eða torfgarði. Skv. Fasteignabókum 1932 (bls. 24) og 1942-4 (bls. 81) er þar túngarður eða girðing. Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Garður af grjóti, aðallega að norðan, eins milli Breiðabólstaða og Akrakots.“ (B3). Örnefnalýsing 1977 hefur þetta: „Garður liggur til suðurs, rétt fyrir ofan brunninn, og beygir síðan til suðausturs. [...] Túnið var stórt og var allt í kringum bæinn. Um það mest allt var hlaðinn túngarður, alltaf nefndur Breiðabólstaðatúngarður afbæjar. Nú

er búið að rífa þennan garð. Grjótið úr honum var notað til varnar sjávargangi og svo er um grjót úr flestum túngörðum hér á nesinu." (Bls. 2-3). (Brunnur sjá nr. 13).

Í Jarðabók 1703 segir: „Landið brýtur sjór nokkurn part og vindur ber upp sjóarsand á túnið til stórskaða." (Bls. 216).

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 3, 6. jan. 1938. 1942-1944.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. 1923.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B3.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Landamerkjaskrá nr. 33 fyrir Breiðabólstaði í Bessastaðahreppi. 1887. Undirritað 26. apríl 1887, lesið á manntalsþingi 6. júní sama ár.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akvakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-16 Traðir

Sérheiti: Breiðabólstaðatraðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnaskrá 1964 lágu Breiðabólstaðatraðir „heiman frá bæ út á sjávarkampinn" (A/B4) en Breiðabólstaðahlið eða Breiðabólstaðatraðarhlið nefndist „traðarhlið" á túngarðinum út við sjávarkamp (B5). Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Vörin er beint niður af bænum og lágu Traðir frá íbúðarhúsinu niður í hana. Réttu nafni hét hún Akvakotsvör [...] Lönd heita beggja megin Traðanna - Efri-Lönd sunnan þeirra og Neðri-Lönd að norðan." (Bls. 2).

Traðirnar sjást ekki á Túnakorti 1917. (Túngarður sjá nr. 15, Akvakotsvör nr. 18).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B4.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Uppdráttur af túni Breiðabólstaða og Akvakots í Bessastaðahreppi frá 1917.

Breiðabólstaðir - 123223-209-17 Leikvöllur

Sérheiti: Lönd

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnaskrá 1964 voru Lönd flatir eða sléttur „innan garðs við Sjávarkampinn vestan traðanna. Samkomu og glímuvöllur vermannanna." (A21). Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Lönd heita beggja megin Traðanna - Efri-Lönd sunnan þeirra og Neðri-Lönd að norðan. Fiskur var áður borinn upp á Efri-Löndin og gert að honum þar." (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B21.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-18 Uppsátur

Sérheiti: Akvakotsvör

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá 1887 segir að merki liggi úr grjótgardi milli Breiðabólstaða og Akvakots „norður í sjó [...] rjett fyrir vestan hina svokölluðu Akvakotsvör, á nefndri vör sem er á Breiðabólstaðalandi á Akvakotið fría lendingu og uppsátur fyrir allan sinn útveg [...]". Upplýsingum Örnefnaskrár 1964 um vörina ber saman við þetta: „Hún var í Breiðabólstaðarlandi í fjörunni vestast." (B27).

Í Örnefnalýsingu 1977 segir svo: „Vörin er beint niður af bænum og lágu Traðir frá íbúðarhúsinu niður í hana. Réttu nafni hét hún Akvakotsvör, þótt hún væri í landi Breiðabólstaða. Breiðabólstaðamenn lentu alltaf í þessari vör þegar þeir bræður [Sveinn og Björn Erlendssynir frá Breiðabólstöðum] mundu eftir, enda ekkert útræði þá frá Akvakoti. En þarna átti Akvakot áður uppsátur fyrir allan sinn skipastól endurgjaldslaust. [...] Eftir að sjóvarnargarður hafði verið hlaðinn með ströndinni [...] lokaðist leiðin beint niður að Akvakotsvör. Lönd heita beggja megin Traðanna [...] Neðan við Löndin, aðeins

norðar, en beint upp af Akvakotsvör, var gróin torfa og sandur sitt hvoru megin hennar. Hún var alltaf nefnd Torfa. Oft var gert að hrognkels- um á Torfunni, þegar farið var að spretta á Lönd- unum. Þaravirfill, örstutt frá landi, sunnan við Vörina, heitir Kolla. Aldrei kom steinninn sjálfur alveg upp úr sjó. Venja var að byrja að leggja grásleppunet fyrst á vorin út af Kollu." (Bls. 2-3).

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók 1703 segir við Breiðabólstaði: „Heim- ræði er þar árið um kríng og lending góð." En við Akvakot: „Heimræði er árið um kríng og lending sámileg, og gánga skip ábúenda eftir hentugleikum. Eitt kóngsskip, fjöggra manna far, setti Heidemann með jörðinni, og fylgdi það um hans tíð. Var bóndinn formaður og fleytti árið um kríng, þáði og formannskaup, fimm aura, og hýsti stundum skipshöfn; áður hafði kóngsskip gengið, tveggja manna far, með sömu kostum; síðan Heidemanns tíð er þetta af. Inntökuskip engin og hafa ei heldur verið það menn til muna." (Bls. 214-15).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiski- mið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaða- hreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B27.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðaból- staða og Akvakots 1977.

Landamerkjaskrá nr. 33 fyrir Breiðabólstaði í Bessastaðahreppi. 1887. Undirritað 26. apríl 1887, lesið á manntalsþingi 6. júní sama ár.

Breiðabólstaðir - 123223-209-19 Uppsátur

Sérheiti: Breiðabólstaðavör

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Breiðabólstaðarvör: „Hún lá í sjó fram norður af Traðarhliðinu." Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Heimavör var ein- um 100-150 m norðan við Akvakotsvör. Í henni lentu Breiðabólstaðamenn hér áður og einnig eftir að sjóvarnargarður hafði verið hlaðinn með ströndinni, en þá lokaðist leiðin beint niður að Akvakotsvör. [...] Lönd heita beggja megin Traðanna - Efri-Lönd sunnan þeirra og Neðri-

Lönd að norðan. Fiskur var áður borinn upp á Efri-Löndin og gert að honum þar. (Ath. Sveinn [Erlendsson] telur nafnið dregið af því, sbr. að landa)." (Bls. 2). (Akvakotsvör sjá nr. 18).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessa- staðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B26.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðaból- staða og Akvakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-20 Býli

Sérheiti: Grund

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Grund „þurrabúð frá Breiðabólstöðum [...] austan bæjar [...] innan við Kastanga [...] norður á Nesinu." (Bbst. A/B12, Bt. A527/B510).

Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Örskammt fyrir norðan Breiðabólstaði er lítil tjörn fyrir ofan malarkampinn [...] Breiðabólstaðatjörn. Úti- húsinn frá Grund standa fast norðan hennar. [...] Fast austan við útihúsinn stóð áður þurrabúðar- býlið Grund. Þar kom Sveinn [Erlendsson] ofan á öskulag þegar hann fór að rækta." (Bls. 6). (Útihús sjá nr. 20).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiski- mið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaða- hreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B12, Bæjatal A 527 / B510).

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðaból- staða og Akvakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-21 Útihús

Sérheiti: Grund

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu 1977 eru „útihúsinn frá Grund [...] fast norðan" við Breiðabólstaðatjörn, „norðan þeirra liggur afleggjari upp í Jörva" en „fast austan við útihúsinn stóð áður þurrabúðarbýlið Grund." (bls. 6). (Jörvi sjá nr. 21, Grund nr. 19).

Breiðabólstaðir - 123223-209-22 Bústaður**Sérheiti:** Jörvi**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Skv Örnefnalýsingu 1977 standa útihúsin (nr. 21) frá Grund (nr. 20) fast norðan við Breiðabólstaðatjörn og „norðan þeirra liggur afleggjari upp í Jörva, en svo heitir hús í landi Grundar. [...] Jörvi stendur á dálitlu holti, sem heitir Háholt.“ Ekki kemur fram hversu gamalt húsið er eða til hvers það er notað.

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-23 Óþekkt**Sérheiti:** Hundapúfa**Tegund:** Örnefni 465**Staðhættir og lýsing**

Skv. Örnefnalýsingu 1977 stendur Jörvi (nr. 22) á Háholti en „stór melur, alltaf nefndur Melur, var skammt suðaustur af Háholtinu. Norðan til á honum var stóreflis þúfa, alltaf nefnd Hundapúfa. Úr Hundapúfunni hefur nú verið jafnað og eru bæði hún og Melurinn kominn í tún.“ (Bls. 6).

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-24 Stekkur**Sérheiti:** Stekkur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Stekkjarmýri „vestan við Kálfsskinn nyrst“ en „þar voru rústir af stekk í Mýrinni“ (A16-17). Í Örnefnalýsingu 1976 segir: „Sunnan Kálfsskins, með Bessastaðatjörn að vestan, liggur Stekkjarmýri. [...] Sunnan Stekkjarmýrar gengur dálítill tangi út í Bessastaðatjörn. Á honum er hóll, sem heitir Stekkjarmýrarhóll. Norðan í honum var Stekkurinn.“ (Bls. 5). Í Örnefnalýsingu 1977 er þetta svona: „Í norðausturjaðri Stekkjarmýrar er langur hóll frá suðri til norðurs. Hann heitir Stekkjarmýrarhóll.“ (Bls. 8). Síðan eru lýsingarnar nánast samhljóða: „Nú hefur Stekkjarmýri verið þurrkuð og komið þar upp æðarvarpi á síðustu 15 árum. Áður var þarna ekkert varp, en nú verpa þarna um 5-600 kollur og auk þess ýmsar aðrar fuglategundir.“ (1976: 5, 1977: 8-9).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B16-18.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1976.

Sami: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-25 Þjóðsaga**Sérheiti:** Borgarhóll**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Skv. Örnefnaskrá 1964 eru Borgarhólar „syðst í Stekkjarmýrinni“ (A/B19). Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Sunnan við Stekkjarmýrina er hár hóll, alltaf nefndur Borgarhóll. Hann er nú kominn í tún, en heldur alveg lögun sinni. Í honum á að vera grafin gullkista. Björn [Erlendsson] heyrði Borgarhól í rúm 40 ár og hraktist aldrei tugga á honum.“ (Bls. 9).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B19.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-26 Fiskvinnsla**Sérheiti:** Eyrarhús**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Úr Bessastaðatjörn, norðanverðri, gengur síki til vesturs, sem heitir Kálfsskinn [...] Úr Kálfsskinni gengur Holtsskurður til vesturs. [...] Norðan við Holtsskurð og Kálfsskinn heitir Eyri og tilheyra Kasttangi og Rastartangi henni báðir og af henni dró Eyrarhús nafn sitt. Eyrin var hærri við sjóinn og var þar nefnd Háeyri. Innan til var hún lægri og flæddi þar yfir hana úr Kálfsskinni áður en Dugguós var stíflaður. Þar var hún nefnd Lágeyri. Eyraroddi heitir milli Seylu og Kálfsskins og er stíflan á Dugguós framhald hans. Eyraroddi er malarkampur og á honum var þurrkaður fiskur hér áður. Var þar skipað upp úr skipum, sem lágu á Seylunni [...] Eyraroddinn er nú eign Bessastaða. [...] Eyrarhús var við Seyluna, rétt

fyrir sunnan Rastartanga. Það var fisktökuhús. Eyrarhús var rífið um 1884 og víðirnir notaðir í steinhúsið á Breiðabólstaðum. Tóftir Eyrarhúss sjást enn. Stór tóft er fáeina faðma norðan við Eyrarhúsið. Hún er alltaf nefnd Tóft. Þarna ætlaði Árni Böðvarsson rakari að byggja íshús 1920, en það komst aldrei í gagn. (Bls. 7-8).

Í Sjósókn 1945 segir frá Eyrarhúsi og húsi Erlends Erlendssonar á Breiðabólstaðum: „Timbur allt og þak í húsi Erlends var komið úr gríðarstöru salthúsi og fiskhúsi, er stóð fyrrum á Eyrinni niðri við Seyluna í landareign Breiðabólstaða. Siemenssverzlun átti þetta hús fyrst. Á vorin kom skip inn á Seyluna með salt, er skipað var upp í þetta hús, en seinni part sumars seldu bændur verkaðan og þurrkaðan saltfisk kaupmanni þeim, er átti þetta hús, og fluttu fiskinn í það. Kaupmaður sá, er verzlaði þarna síðast, hét G. E. Unbehagen, og átti hann þetta gríðarmikla hús.

Á haustin kom svo skip til þess að sækja fiskinn. Þessi Unbehagen kaupmaður, sem var þýskur, seldi svo Erlendi þetta hús fyrir fjögur hundruð krónur. Salthús þetta var að minnsta kosti tuttugu álnir á lengd og tólf álnir á breidd, allt byggt úr framúrskarandi góðu timbri með timburþaki og allt lagt með hellu. Var timbrið og hellan notað í hús Erlends.“ (Bls. 60). (Hús Erlends sjá nr. 1).

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstaðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945.

Breiðabólstaðir - 123223-209-27 Lending

Sérheiti: Seyla

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Fyrir norðan Kasttanga heitir Rastartangi, þar sem landið teygist lengst til norðurs. Myndast röst fram af honum. Víkin austan við Rastartanga heitir Seyla. Beint norður af Rastartanga eru tvö sker, sem nefnast Innsker ft.. Rétt fyrir austan þau eru Sandsker. Þessi sker fara öll í kaf á flóði. Á milli þessara skerja og Rastartanga er innsiglingin inn á Seyluna. Sund á milli Innskerjanna tveggja heitir Hólmós. Þegar róið var yfir Skerjafjörð frá

Breiðabólstaðum var styttra að fara um Hólmós en ekki var það hægt nema gott væri í sjó og hásjávað. Vestur af Innskerjum, u.þ.b. 500 m, eru áður nefnd Löngusker. Öll þessi sker eru á sama grynningahrygg. [...] Austan við land Breiðabólstaða er Bessastaðatjörn. Hún var áður sjávarlón og flæddi inn í hana úr Seylu um svokallaðan Dugguós, en hann var skipgengur um flóð. Dugguós var stíflaður 1953. Í miðjan Dugguós voru merki milli Breiðabólstaða og Bessastaða. [...] Eyraroddi heitir milli Seylu og Kálfsskins og er stíflan á Dugguós framhald hans. Eyraroddi er malarkampur og á honum var þurrkaður fiskur hér áður. Var þar skipað upp úr skipum, sem lágu á Seylunni, en hún var löggilt höfn. Eyraroddinn er nú eign Bessastaða. Nú er Eyraroddinn og stíflan á Dugguós einu nafni nefnt Stíflan.“ (Bls. 7-8).

Heimildaskrá

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-28 Brú

Sérheiti: Steinbogi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnafrátt 1964 er nefndur Steinbogi „göngu-brú milli Bessastaða og Breiðabólstaða, yfir Dugguós innanverðan eða Bessastaðatjörn.“ (B20). Í Örnefnalýsingu 1977 segir: „Steinbogi liggur yfir Bessastaðatjörn frá Stekkjarmýrarhól að Prentsmiðjuflöt í landi Bessastaða. Steinbogi er malarhryggur með stórgrýti upp úr. Á flóði féll alltaf yfir hann, en þurrt var á honum um fjöru. Áður var stundum farið á Steinboga milli Breiðabólstaða og Bessastaða. Sagnir eru um, að áður hafi Steinbogi verið hærri og hafi skólá-piltar leikið sér að því að fara eftir honum á flóði þegar skóli var á Bessastöðum. Nú er Steinbogi alltaf í kafi síðan Dugguós var stíflaður.“ (Bls. 9).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B20.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akvakots 1977.

Breiðabólstaðir - 123223-209-29 Landamerki

Sérheiti: Merkjasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur „Merkjasteinn mikill í útnorðurhorni túngarðsins. Þessi steinn var milli Breiðabólstaðar og Akrakots.“ (A28). Í Örnefnalýsingu 1977 segir hins vegar að bræðurnir Sveinn og Björn Erlendssynir kannist „hvorugur við Merkjastein“ (bls. 11).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: Breiðabólstaðir nr. A/B28.

Kristján Eiríksson: Örnefnalýsing Breiðabólstaða og Akrakots 1977.

Vettvangskönnun

Í svæðisskráningu jarðarinnar kemur fram að heimildir eru um 29 minjastaði í landi Breiðabólstaða. Ekki var fyrirfram hægt að tengja neinn þessara staða við það svæði sem hér var til athugunar.

Vettvangsvinna fór fram á skipulagsreit Hvals í landi Breiðabólstaða 23. sept. 2001. Aðrir hlutar jarðarinnar hafa ekki verið skoðaðir á sama hátt. Áður en farið var inn á svæðið var talað við eigendur landsins, hjónin Erlend Björnsson og

Auði Aðalsteinsdóttur. Svæðið er mjög auðvelt yfirferðar, stærstur hluti þess er sléttuð tún en þar fyrir utan er mólendi. Gengið var um allt svæðið og það þaulskoðað án þess að merki myndust þar um forn mannvirki. Á tveimur stöðum voru talsvert stórar grjóthrúgur sem heimamenn sögðu hafa komið upp úr skurðum og úr túnum. Austan við núverandi íbúðarhús stendur steiptur grunnur sem mun hafa verið byggður á áttunda áratug 20. aldar.

Niðurstaða

Í svæðisskráningu fornleifa er getið 29 minjastaða í landi Breiðabólstaða. Ekkert í skráningunni bendir til að nokkur þessara staða sé á skipulagsreit Hvals sem hér er til athugunar. Engar fornleifar fundust við vettvangsathugun. Niðurstaðan er því sú að engar sýnilegar minjar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gerir Þjóðminjasafn Íslands því ekki athugasemd við fyrirhugað deiliskipulag.

Þó ber að hafa í huga ákvæði 13. gr. Þjóðminjalaga þar sem segir: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*



Arnór Helgason, arkitekt

Laukahlíð 7, 210 Garðabær

Símanúmer: 565 7672 / 864 5338 Fax: 565 7672

Netfang: hussala@arnor.is

Kr. 030755-3409

Hvoli

Tillaga að deiliskipulagi

Ásabúmynd

Mælikv. (A3):
1:2000

Mynd 2. Kort af deiliskipulagsreit við Hvoli.

Rannsóknaskýrslur 2001

- 1 Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.
Fornleifaskráning.
Agnes Stefánsdóttir.
- 2 Beinafundur í Önundarholti.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.
- 3 Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi.
Fornleifakönnun á bæjarhól.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.
- 4 Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu.
Skráning og rannsókn minningarmarka.
Gunnar Bollason.
- 5 Friðun kirkjugripa í kirkjum landsins.
Verkefninu ýtt úr vör.
Þóra Kristjánsdóttir
- 6 Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi
Svæðisskráning og vettvangskönnun
vegna deiliskipulags á reit Hvols
Guðmundur Ólafsson
Kristinn Magnússon
Rúna K. Tetzschner



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS